

Nd.

42. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í 2 vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda óslitna hvíld á sólarhring hverjum. Fyrirfram gerðir samningar um lengri vinnutíma í senn en fyrir er mælt í þessari grein eru ógildir.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar itrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að setningu þessara laga stóðu ýmsir, sem þá mátti telja til frjálshuga umbótamanna. En forustu hafði í málinu hinn nýstofnaði Alþýðuflokkur. Enda er það svo, að eftir öll þessi ár telur Alþýðuflokkurinn það til sinna stærstu verka að fá þessi lög sett. Það skal tekið fram, að lög þessi voru sett í andstöðu við flesta ef ekki alla togaræigendur, sem túlkuðu það óspart, að slík lagasetning yrði til þess að koma útgerðinni á hausinn. Það er bezt að bregða upp fyrir almenningi smámynd af togaralifinu, áður en vökulögin voru sett. Það var algengt, að farið væri út á veiðar og menn látnir vinna uppihaldslaust án svefns eða hvíldar í tvo til þrjá fyrstu sólarhringana eða jafnvel miklu lengur. Eftir slíkan tíma var það oftast

venjan, að menn fengu að kasta sér niður eins og hundar og hvíla sig í örfáar klukkustundir. Þessi þrældómur gekk svo vitt, að sterkbyggðustu menn sofnuðu stundum við matarborðið og urðu máské ekki vaktir aftur fyrr en eftir langan svefn. Ekki var það heldur ótítt á þeim árum, að sjómenn slösuðust við vinnu sökum ofþreytu og skorts á svefni, ráku máské hnífana hver í annan við flatningsborðin. Sumir dattu jafnvel niður í fiskkösina sem dauðir væru og urðu þá í sumum tilfellum ekki vaktir fyrr en komið væri að landi eftir endaða veiðiför. Það eru til margar ljótar þrældómslýsingar frá þessum árum, sem eru ótvírætt allra ljótasti ómenningarbletturinn í okkar sjómennskusögu. Nú munu menn vart trúá því, að til hafi verið svo heimskir og andlega úrkynjaðir vesalingar, að þeir hafi tekið upp málsvörn fyrir slíkt athæfi. En sannleikurinn er því miður sá, að þeir voru ekki svo fáir, sem mæltu slíkum vinnubrögðum bót eða jafnvel töldu þau sjálfsgöð. Sé miðað við þetta þrældómstímabil í lífi togarasjómannanna, þá skal það fúslega viðurkennt, að vökulögin voru mikil bót frá því, sem áður hafði viðgengizt, þótt þau hins vegar tryggðu ekki nægilega hvíld. Það getur varla hjá því farið, ef mál þetta er rætt af nokkru viti, að menn verði sammála um, að sextán klukkustunda vinna á sólarhring sé of mikil vinna, þegar til lengdar lætur.

Hraustbyggðustu menn endast ekki nema í tiltölulega fá ár með slíkum vinnubrögðum. Það er furðulegt, að löggjafinn skuli ekki fyrir löngu hafa stigið skrefið dálítið lengra, t. d. komið vinnutímanum niður í 12 stundir, eins og tíðkæzt hefur að undanförunu á togurum frá Boston í Ameríku. Þeir, sem bezt þekkja til þessara mála, vita, að reynsla Ameríkumanna í þessum efnum er hér fullkomlega eftirbreytnisverð. Það er síður en svo, að togaraútgerðin hafi farið á hausinn við breytinguna, heldur munu þeir menn, sem þar þekkja bezt til, vera sammála um, að útgerðin hafi aldrei gengið betur en eftir að tólf stunda vinna á sólarhring var innleidd. Það, sem vinnst við að breyta vinnunni úr sextán stundum í tólf, er þetta: Menn afkasta engu minni vinnu, þegar til lengdar lætur, en endast miklu betur. Það eru nú einu sinni til takmörk fyrir því, hve mikið má bjóða mannslikamannum af erfiðri vinnu, og ef þau lögmál eru að engu virt, þá hlýtur slíkt að hefna sín grimmilega á þjóðstofninum, þótt siðar verði. Það er því ábyggilega kominn tími til, að þetta mál sé tekið upp að nýju og vökulögin endurskoðuð. Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því að setja nú ný vökulög, sem tryggi togarasjómönnum tólf tíma hvíld á sólarhring. Því hver þorir að neita því, að tólf stunda vinna á sólarhring sé nægileg fyrir hvern mann, þótt hraustur sé, þegar til lengdar lætur? Tólf stunda vinna og tólf stunda hvíld, það er krafan, sem sjómennastéttin gerir nú til hinna nýkjörnu alþingismanna.

Nánar í framsögu.